

Miðvikudaginn 6. desember 1995.

Nr. 397/1995.

Verslunin Hljómbær hf.

(Jóhannes Björnsson hdl.)

gegn

Verkbæ hf.

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Rafiðnaðarsambandi Íslands og

Lífeyrissjóði rafiðnaðarmanna

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. nóvember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 14. nóvember 1995, um endurupptöku á meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðilans Verkbæjar hf. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og endurupptaka málsins felld úr gildi.

Varnaraðilinn Verkbær hf. krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst þessi varnaraðili kærumálskostnaðar.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili höfðaði mál til heimtu fjárkröfu á hendur varnaraðilanum Verkbæ hf. með stefnu, birtri 23. júní 1995. Sóknaraðili vísar til þess, að fari fram gjaldþrotaskipti á búi Verkbæjar hf., eigi hann kost á að lýsa kröfum sínum og leitast við að fá þær viðurkenndar og þeim fullnægt. Verður fallist á, að sóknaraðili hafi hagsmuni af því að fá leyst úr kröfum sínum um endurupptöku gjaldþrotáúrskurðarins í kærumáli þessu. Eru því ekki efni til að fallast á frávisunarkröfu varnaraðilans Verkbæjar hf.

Með beiðni um endurupptöku bar varnaraðilinn Verkbær hf. fram málsástæður varðandi atvik, sem gerðust fyrir uppkvaðningu

úrskurðar um gjaldþrotaskipti á búi félagsins og hefðu getað valdið því, að niðurstaða þess úrskurðar yrði á annan veg. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurðar staðfestur.

Eftir atvikum er rétt, að aðilarnir beri hver sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 1995.

I.

Með bréfi, dagsettu 20. október sl., hefur Sigurður Sigurjónsson hrl. f. h. Verkbæjar hf., kt. 460788-4489, Hverfisgötu 103, Reykjavík, krafist þess, að mál nr. G-817/1995: Krafa Rafiðnaðarsambands Íslands o. fl. um, að bú Verkbæjar hf. verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði endurupptekið.

Vegna þessarar kröfu var málið tekið fyrir á dómþingi 3. nóvember sl. Samkomulag var um að fresta málinu til 8. þ. m., og var málið tekið til úrskurðar þann dag.

II.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 22. maí 1995, kröfðust Rafiðnaðarsamband Íslands, kt. 440472-1099, og Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, kt. 600970-0119, vegna styrktar- og orlofssjóðs, eftirmenntunarsjóðs rafiðnaðarmanna og Félags íslenskra rafvirkja, kt. 530169-4489, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, þess, að bú Verkbæjar, kt. 460788-1379, Hverfisgötu 103, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Var krafan tekin fyrir á dómþingi 28. júní sl., en ekki var sótt þing af hálfu skuldara. Að ósk skiptabeiðanda var málinu hins vegar frestað til 6. september sl. Við fyrirtöku málsins þann dag var ekki sótt þing af hálfu skuldara. Málið var tekið til úrskurðar sama dag. Úrskurður um, að bú Verkbæjar hf. væri tekið til gjaldþrotaskipta, var síðan kveðinn upp 12. október sl. og skiptastjóri skipaður.

III.

Af hálfu Verkbæjar hf. er skírskotað til þess, að grundvöllur gjaldþrotaskipta sé árangurslaus aðför, sem gerð hafi verið 24. apríl sl. Við aðfarargerðina hafi verið skv. endurríti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík Sigurgeir Guðmundsson, starfsmaður gerðarþola, Verkbæjar hf. Bókað hafi verið eftir honum, að gerðarþoli ætti engar eignir til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Gerðinni hafi síðan verið lokið án árangurs. Aðfinnsluvert

sé, að nefndur Sigurgeir hafi ekki verið starfsmaður gerðarpóla. Hann hafi því ekki mætt f. h. gerðarpóla umrætt sinn og ekki heldur haft umboð til þess. Þegar birta hafi þurft fyrirfall vegna þingfestingar gjaldþrotamáls þessa, hafi þessum sama Sigurgeiri verið birt fyrirfallið á vinnustað hans að Hverfisgötu 103, Reykjavík, og hann þá enn tilgreindur starfsmaður Verkbæjar hf. Virðist svo sem Sigurgeir hafi undirritað birtingu og tekið við boðun án þess að hafa komið boðum þar um á framfæri við forsvarsmenn Verkbæjar hf. Sigurgeir hafi ekki upplýst forsvarsmenn Verkbæjar hf. um umrædda boðun, og sé þar kominn skýring á og sönnun þess, að forsvarsmenn Verkbæjar hf. hafi engar upplýsingar haft um, að gerð hafi verið árangurslaus aðför hjá félaginu, hvað þá, að krafa um gjaldþrotaskipti væri fram kominn.

Verkbær hf. hafi hætt starfsemi árið 1994, en fyrirtækið Kólfur hf. tekið við rekstrinum. Sigurgeir sé hluthafi í því fyrirtæki, en það reki rafvéla-verkstaði að Hverfisgötu 103. Telja verði ljóst, að annað tveggja sé um rangfærslur að ræða eða mistök við bókun, en ótrúlegt sé, að Sigurgeir hafi gert sér grein fyrir, hvað falist hafi í bókun sýslumanns, er árangurslaus aðfarargerð fór fram og birting fyrirfalls vegna fyrirtöku gjaldþrotaskiptamáls.

Vísað er til 65., 67., 68., 70. og 71. gr. laga nr. 21/1991.

Af hálfu skiptabeiðanda er kröfunni um endurupptöku mótmælt. Gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá félaginu og krafa um gjaldþrotaskipti sett fram innan lögboðinna tímamarka. Vafasamt sé einnig, að heimilt sé að endurupptaka mál búa, sem tekin hafi verið til gjaldþrotaskipta.

IV.

Þegar krafa skiptabeiðanda um, að bú skuldara, Verkbæjar hf., yrði tekið til gjaldþrotaskipta, var tekin fyrir á dómþingi 28. júní sl., var ekki sótt þing af hálfu skuldara. Í dómi Hæstaréttar 9. desember 1992 í málinu nr. 427/1992 voru ákvæði laga nr. 21/1991 skýrð með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála á þann veg, að heimild brysti til kæru máls, þegar þannig stæði á. Er þetta áréttað í dómi Hæstaréttar 12. september sl. í málinu nr. 277/1995. Í fyrrnefnda hæstaréttardóminum kemur jafnframt fram, að þegar svo standi á, að um útivist sé að ræða, eigi skuldari þann einn kost að æskja endurupptöku samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 3. mgr. 176. gr. og lokamálslið 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Ljóst er samkvæmt framansögðu, að í því máli, sem hér er til meðferðar, eru atvik með sambærilegum hætti og í hæstaréttarmálinu nr. 427/1992. Þá er beiðnin sett fram innan tímamarka 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Með vísan til þess og skírskotun til fordæmisgildis síðastnefnds dóms ber að heimila endurupptöku málsins.

Málið er því hér með endurupptekið.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa Sigurðar Sigurjónssonar hrl. f. h. Verkbæjar hf. um endurupptöku málsins nr. G-817/1995: Rafiðnaðarsamband Íslands o. fl. gegn Verkbæ hf., er tekin til greina.

Málið er endurupptekið.
